

Gunnar Thorodden - ævisaga

Bókarhöfundur: Guðni Th. Jóhannesson

Bókarheiti: Gunnar Thorodden - ævisaga

Gagnrýnandi: Ólafur P. Harðarson, stjórn málafræðingur

Útgáfa: JPV útgáfa, Reykjavík 2010, 652 bls.

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram: „Ævisaga Gunnars Thoroddsens er heillandi skyldulesning fyrir stjórn málafræðinga, stjórn málafræðinema og raunar alla sem vilja fjalla um eða skilja íslensk stjórn mála síðustu hundrað árin.“

TÍMAMÓTAVERK BYGGT Á ÓMETANLEGUM HEIMILDUM

Ævisaga Gunnars Thoroddsens er tímamótaverk í íslenskri stjórn málasögu. Guðni Th. Jóhannesson notar ómetanlegar heimildir, opinskáar dagbækur sem Gunnar skráði frá barnæsku til seinustu ævídaga og margvísleg önnur gögn Gunnars, bréf, minnisbökkir og blaðaúrklippur. Auk þessa notar Guðni prentaðar heimildir, skjalasöfn hérlendis og erlendis, skýrslur erlendra sendimanna og viðtöl við tugi manna sem þekktu Gunnar. Heimildavinnan er afar umfangsmikil og virðist traust. Bókin er vel skrifuð og skemmtileg – stundum spennandi eins og reyfari, enda atburðarásin á tíðum ævintýralegr. Frásögnin er öll hófstíllt og Guðni leggur sig bersýnilega fram við að sýna sanngirni og draga fram sjónarmið andstæðinga Gunnars, þótt honum þyki (eðlilega) mikið til söguhetjunnar koma. Hann segir líka á Gunnari kost og löst. Mikill fengur er að hugleiðingum Guðna í bókarlok um ævisöguritun og vanda sagnaritarans (569-578). Allur frágangur bókarinnar er til fyrirmyndar. Nokkrar smávillur eru ekki til skaða.

Persóna Gunnars er dregin skýrum dráttum. Margir eiginleikar hans stuðluðu að frama í stjórn málum; greind, marksækni, afburða ræðumennska, kímni gáfa, glæsileiki, rödd. Gunnar átti auðvelt með að hrífa fólk með sér og heilla það – og vann markvisst að því að þroska með sér þá eðlisþætti sem gátu hjálpað honum í stjórn málabaráttunni. Hann viðurkenndi líka fyrir sjálfum sér veikleika sína, ekki síst of mikla áfengisnotkun lengi framan af. Flókin og stundum mótsagnakenndur persónuleiki hans birtist í hreinskilnum minnisblöðum: hið mikla þrúðmenni var elskulegur eiginmaður, fræðimaður og listunnandi sem gat verið málefnalegur hugsuður og mikill mannasættir – en stundum reyndist þrúðmennið kaldrifjaður stjórn málamaður sem sveifst einskis til þess að ná markmiðum sínum og metorðagirndin var takmarkalaus. Ég sá ekkert dæmi um það í bókinni að Gunnar hafi nokkurn tíman fórnað hagsmunum sínum í þágu annarra (t.d. flokksins) – en mörg dæmi um að höfuðandstæðingur hans og flokksbróðir Geir Hallgrímsson gerði það (stundum kannski af því að hann þurfti).

Ævisaga Gunnars er ekki bara saga hans, heldur fylgir stjórn málasaga Íslands í sextíu ár með í kaupþætti. Fjallað er m.a. um uppgang nasista og kommúnista á þriðja áratugnum, framboðshætti og kosningabaráttu, lýðveldisstofnunina (og vandræði sjálfstæðismanna varðandi forsetakjörið á Þingvöllum 1944), borgarstjóratið Gunnars og valdakerfi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, forsetakosningarnar 1952 þegar Gunnar „sveik“ flokkinn en studdi tengdaföður sinn, Viðreisnarstjórnina þar sem Gunnar var fjármálaráðherra, forsetakosningarnar 1968 þegar Gunnar tapaði illa fyrir Kristjáni Eldjárn og loks hatramma valdabaráttu Gunnars og Geirs Hallgrímssonar um forystu Sjálfstæðisflokksins sem stóð í rúman áratug og náði hámarki þegar Gunnar myndaði ríkisstjórn árið 1980 með Framsóknarflokki og Alþýðubandalagi ásamt nokkrum flokksfélögum sínum – gegn vilja þorra þingmanna Sjálfstæðisflokksins. Það er sennilega einsdæmi í veröldinni að varaformaður stjórn málaflokks sé forsætisráðherra ríkisstjórnar á sama tíma og formaður flokksins er leiðtogi stjórnarandstöðunnar! Um öll þessi mál er frásögn Guðna ítarleg og fróðleg og bætir mörgu við þekkingu okkar.

Sumir stjórn málafræðingar telja ævisögur stjórn málamanna næsta gagnslitlar fyrir fræðin; þær séu fróðleiksmolar og persónulýsingar sem komi almennri greiningu og fræðilegum kenningum lítið við. Stundum er það raunin (og á við um margar ævisögur íslenskra stjórn málamanna), en vandaðar ævisögur gera a.m.k. tvennt fyrir fræðilegan skilning á stjórn málum. Í fyrra lagi gæða þær greiningar og kenningar lífi: lesandinn skilur betur formgerðir stjórn málakerfisins og tengslin milli parta þess (t.d. eðli stjórn málaflokka á mismunandi tímum og í ólíkum kerfum – eða tengsl þings og ríkisstjórnar) þegar hann sér hvernig einstaklingar af holdi og blóði vinna innan formgerðanna – hvað þeir geta gert, hvað þeir geta ekki gert og í hvaða áttir kerfið beinir lífi þeirra og starfi. Í öðru lagi eru vandaðar ævisögur ómetanleg gagnasöfn: í þær geta fræðimenn sótt dæmi til þess að prófa tilgátur sínar og

kenningar. Ævisaga Gunnars uppfyllir þetta tvennt með mikilli þrýði. Raunar minnir ýmislegt úr dagbókum og plöggum Gunnars á upplýsingarnar sem koma fram í orðréttum viðtölum við ráðamenn í nýlegri skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis; í báðum tilvikum er margt sagt tæpitungulaust og af meiri hreinskilni en við eigum að venjast þegar stjórnámamenn tjá sig opinberlega.

Hér verða nefnd dæmi um það hvernig ævisaga Gunnars rennir frekari stoðum undir fáeinar mikilvægar niðurstöður sem íslenskir stjórnámafæðingar hafa dregið af rannsóknum sínum síðustu áratugi.

Lengi hefur verið vitað að íslenskir stjórnámamenn á 20. öld áttu það til að ganga langt í fyrirgreiðslu við kjósendur til þess að ná í atkvæði þeirra. En hér eru sett fram skýr dæmi þess að kjósendum var beinlínis mútað. Í sumarkosningunum 1942 tapaði Gunnar fyrir Bjarna Bjarnasyni í Snæfellsnessýslu, en áður hafði Thor Thors verið þingmaður kjördæmisins og Gunnar talinn viss um sigur. Þetta átti ekki að endurtaka sig í haustkosningunum 1942 og heldur betur slegið í klárinn. Útgerðarmenn í Reykjavík lofuðu að „sjá um“ Snæfellinga á togurum þeirra (175). Börnum fátækra hjóna, fátækri ekkju á Arnarstapa og gömlum hjónum í Breiðuvíkurbreppi voru gefnir peningar sem jafngiltu tugþúsundum króna á núverandi verðlagi. Kjósendur báðu um útvarpsviðtæki, gaddavírsrúllur og „sæmilega góða munnhörpu“. Bændur fengu ókeypis síldarmjöl til áburðar frá Kveldúlfi (þó ekki rótgrónir framsóknarmenn). Kolum var úthlutað á Sandi og í Ólafsvík. Og áfengi var veitt í ríkum mæli (177-178). Gunnar vann.

Þegar Alþingi kom saman véfengdu framsóknarmenn kjörbréf Gunnars og settu fram áskanir um mútur. Gunnar bar það af sér – en geymdi sem betur fer plöggin sem staðfesta múturnar. Kjörbréfið var samþykkt og sá sem vitnað hafði um mútur var dæmdur fyrir meiðryði. Guðni bendir réttilega á að vinnubrögð af þessu tagi voru hvorki bundin við Gunnar né Sjálfstæðismenn eina. Hið óvenjulega er að órækur vitnisburður um mútur hafi varðveist (179-181).

Annað dæmi er frá borgarstjórnarkosningum í Reykjavík 1954: „Vikuna fyrir kjördag fékk Gunnar hefðbundin tilboð um atkvæði gegn greiða; peningaláni, síma eða ísskáp frá Jónsen [svo] og Kaaber með góðum borgunarskilmálum.“ Þannig var tíðarandi og eftir kosningarnar þurfti Gunnar að sinna svipuðum beiðnum, óskum um bifreiðaleyfi eða góða lóð fyrir flokksbróður sem ætti „það margfaldlega skilið af okkur sjálfstæðismönnum að eitthvað sé hlynnt að honum“ (255).

Andrew Gilchrist, sem var sendiherra Breta í þorskastríðinu eftir útfærslu landhelginnar 1958 (og skrifaði bókina Þorskastríð og hvernig á að tapa þeim), undraðist hvers vegna þingmenn sæktust mjög eftir því að verða þingforsetar, þótt þeim embættum fylgdu hvorki mikil völd né virðing. Heimildarmenn hans skýrðu þetta með því að forsetarnir fengju að kaupa áfengi á vildarkjörum – og það mætti nota til þess að múta kjósendum (180).

Almenn fyrirgreiðslupólitik var eitt megineinkenni íslenska stjórnálakerfins lengst af á 20. öld, þó að ekki væri alltaf um að ræða mútur. Fleiri dæmi: Árið 1948 skrifar bróðir Ólafs Thors Gunnari borgarstjóra og biður um íbúð handa nákomnum ættingja í fjölbýlishúsi sem borgin var að byggja við Miklubraut, helst horníbúð. Árið eftir, 1949, skrifar frændi Gunnars honum um son sinn sem hafði lokið námi og vantaði vinnu – ef það gengi ekki yrði fjölskylda hans ekki lengur öruggur kjósandi flokksins. Sumarið 1951 skrifaði Bjarni Benediktsson (sem þá var utanríkis- og dómsmálaráðherra) Gunnari um dóttur ágæts sjálfstæðismanns sem væri gift „komma“ en hann myndi snúast til rétttrar trúar ef þau fengju íbúð við Bústaðaveg (219-220).

Sláandi er samanburður sem Guðni gerir á formlegum reglum og pólitískri reynd þegar Gunnar var fjármálaráðherra í Viðreisninni. Hann vitnar fyrst í Agnar Klemens Jónsson sem rekur í Stjórnarráðssögu sinni helstu verkefni fjármálaráðuneytisins, þar sem sýsla skyldi með útgjöld og tekjur ríkisins, fjárlög og fjárukalög, reikningsskil ríkisins, ríkistekjur og innheimtu þeirra, skattamál, tolla, rekstur opinberra fyrirtækja, ríkislán, ríkisábyrgðir, réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, peningamál, myntsláttu o.fl. Til samanburðar er svo vitnað í minnisblað Gunnars um verkefni fjármálaráðherrans 3. maí 1960. Þar segir m.a.: „Persónuuppbot [N.N.] byggingarfulltrúa. ... Vátrygging ríkiseigna. Lán vegna Grímseyjar. ... [N.N.] orgelleikari biður um eitthvert starf. ... Hafnarmál Bolungarvíkur. [N.N.] um einhverja skrifstofuvinnu sem fyrst. ... Bann við því að eyða fyrir fram fjárveitingum næsta árs eða ára. ... Frímúraralóð. Tillaga í sambandi við efnahagsráðstafanir um að bankar og sparisjóðir skipuleggi áróður fyrir sparnaði. Því miður hefur orðið lítið úr framkvæmdum hjá lánastofnunum. ... Athuga framkvæmd á niðurgreiðslu á kartöflum o.fl. og meira eftirlit en áður. ...

Gangstétt hjá [N.N alþingismanni]. Samvinna ríkis og Reykjavíkur um stórvirkjanir. ... [N.N] tollvörður, hækkun um einn launaflokk. Draga úr framkvæmdum þegar mikil vinna er og fjör í atvinnulífi. Safna stórum varasjóði sem hægt er að nota til að auka og örva atvinnu þegar saman dregst“ (272-273).

Stjórn málafræðingar hafa fjallað ítarlega um pólitískar embættaveitingar á Íslandi síðustu öldina. Ekki vantar dæmin í ævisögu Gunnars. Árið 1936 fékk hann ekki prófessorsembætti við Háskólann af pólitískum ástæðum. Haraldur Guðmundsson, ráðherra Alþýðuflokksins, viðurkenndi að sögn Gunnars „að sér og stjórninni væri það mjög ógeðfellt að veita svona áberandi andstæðingi embætti eins og þetta, sem gæfi svo góðan tíma og tækifæri til pólitískrar starfsemi“ (103). Árið 1969 kom Bjarni Benediktsson forsætisráðherra í veg fyrir að Gunnar tæki við bankastjórastöðu í Landsbankanum eftir að Pétur bróðir Bjarna lést. Margar ástæður lágu þar að baki, en m.a. reiddist Bjarni því að Gunnar hefði hringt og beðið um stöðuna of fljótt eftir andlát Péturs og sagði: „Ég held hann megi vera kaldur í gröfinni áður en maður fer að ráðstafa embættinu“ (338). Frásögnin um deilur forystumanna Sjálfstæðisflokksins og fylgismanna þeirra um þessa stöðuveitingu (og aðrar) varpar skýru ljósi á hversu fyrirgreiðslupólitíkin var runnin mönnum í merg og bein – og hversu grimmileg átökin gátu orðið um hin veraldlegu gæði sem til skiptanna voru milli flokksmanna, oft miklu grimmilegri en átök um hugmyndir eða stefnu. Flokkurinn gat raunar boðið Gunnari ýmsilegt annað – og gerði það. „Það segir sína sögu um áhrifavald Sjálfstæðisflokksins í íslensku samfélagi á þessum árum að forystumenn hans gátu boðið stöður við Hæstarétt og Háskóla Íslands til að leysa sinn innanbúðarvanda“ ályktar Guðni (339).

Stjórn málafræðingar hafa bent á að Sjálfstæðisflokkurinn hafi átt öflugustu kosningamaskínuna á Íslandi – og nefnt að hún hafi þess vegna verið notuð í þjóðaratkvæðagreiðslunni um slit á sambandinu við Dani 1944 þegar á miklu reið að smala sem flestum kjósendum á kjörstað. Gunnar var reyndar snemma áhugamaður um skipulegan kosningaundirbúning og árið 1934 kynnti hann sér áróðursaðferðir nasista, m.a. skrif Hitlers um efnið í Mein Kampf (69, 79). Dæmi um útfærslur var fánalið Heimdallar, sem m.a. var í aðalhlutverki í afmælishófi félagsins á Hótel Borg 1937, þegar Gunnar var formaður. Rétt er að taka fram að Gunnar hafði fullkomna skömm á þjóðskipulagi nasista sem hann kynntist af eigin raun þegar hann dvaldist við nám í Þýskalandi 1935-1936 (98-100). Hinni öflugu kosningamaskínu Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fyrir borgarstjórnarkosningarnar 1958 lýsir Guðni svona: „Reykjavík var skipt í 120 umdæmi og voru að jafnaði 5-10 fulltrúar í hverju þeirra (samtals 654 snemma árs 1957). Þeir skráðu stjórnmalaskoðanir nággranna sinna og voru þær upplýsingar færðar í skrár í Valhöll, höfuðstöðvum flokksins við Suðurgötu. Svo kappsamir voru þeir Baldvin og Birgir að þeir þekktu fulltrúana nær alla með nafni og mundu jafnvel símanúmer þeirra. Á vinnustöðum kom öflugt trúnaðarmannakerfi einnig að gagni. Þar fylgdust sjálfstæðismenn með spjalli félaganna um daginn og veginn og komu sjónarmiðum þeirra í stjórn málum á framfæri í Valhöll. Stefndi flokkurinn að því að hafa trúnaðarmenn í öllum fyrirtækjum með fleiri en tíu í starfslíði og skyldi sérhver þeirra vera „trúverðugur og dugandi maður“ (árið 1957 átti Sjálfstæðisflokkurinn 392 skráða trúnaðarmenn á vinnustöðum)“ (260-261). Kosningamaskínur hinna flokkanna líktust á margan hátt maskínu Sjálfstæðisflokksins – en skipulag hans var vafalítið öflugast.

Að lokum má nefna litla frásögn sem varpar kannski ljósi á megindrættina í persónu Gunnars Thoroddsens, þar sem saman fer faguð kímningáfa, köld rökhyggja og eitraður broddur. Eftir afhroð Sjálfstæðismanna í kosningunum 1978 undir forystu Geirs Hallgrímssonar (sem reyndar vann líka mesta sigur flokksins á lýðveldistímanum árið 1974) gengu nokkrir ungir menn á fund Gunnars og töldu úrslitin með þeim hætti að hann ætti að segja af sér varaformennsku. „Gunnar mun hafa setið við skrifborð sitt, fitlað eilítið við blöð á því og sagt eitthvað á þessa leið: „Já, það væri þá kannski skynsamlegast að ákvæði þessa efnis yrði sett í reglur flokksins, til dæmis á eftir þriðju grein, og hljóðaði svo: Nú bregst formaður og skal þá varaformaður segja af sér.“ Svarið mun hafa slegið gestina út af laginu og þeir horfið á brott við svo búíð“ (447).

Ævisaga Gunnars Thoroddsens er heillandi skyldulesning fyrir stjórn málafræðinga, stjórn málafræðinema og raunar alla sem vilja fjalla um eða skilja íslensk stjórn mála síðustu hundrað árin.